

# Uppsetning á Netsímanum fyrir snjallsíma.

## Apple iOS

### 1. Veldu símanúmer og lykilorð

Til að setja upp Netsímann á Apple iOS þarftu símanúmer og lykilorð. Þú sækir hvoru tveggja á Þjónustuvefnum. Allir viðskiptavinir hafa aðgang.

[Fara á Þjónustuvefinn](#)

### 2. Sæktu forritið Zoiper

Leiðbeiningarnar sýna hvernig þú setur upp forrit sem heitir **Zoiper** í iPhone. Þetta þýðir samt ekki að Síminn mæli með notkun á einhverju einu forriti fram yfir annað. Leiðbeiningarnar er auðveldlega hægt að staðfæra yfir á önnur forrit sem styðja svokallaðan **SIP**-staðal.

### 3. Uppsetning

Þegar þú hefur hlaðið forritinu niður skaltu opna það og fara í **Settings**. Því næst smellir þú á **Accounts**.

Næst skalt þú smella á plúsinn uppi hægra megin, þá spyr forritið þig hvort þú eigir nú þegar account, þar skal þú smella á **yes**.

Næst skalt þú velja **Manual configuration** og því næst smella á **SIP account**.

Hér slærð þú inn eftirfarandi upplýsingar:

- Account name: Nafnið á viðskiptavini
- Domain: tolvusiminn.siminn.is
- User name: 499\*\*\*\* (símanúmer)
- Password: (sem þú fékkst í töluvpósti)
- Caller ID: (á ekkert að skrifa þar)
- Svo þarf að haka í „user outbound proxy“ og setja Outbound Proxy: tolvusiminn.siminn.is
- Þá þarft þú að fara í Config > Rport> Rport og taka það af

Farðu núna út úr uppsetningunni og finndu Zoiper á skjánum hjá þér. Nú ætti uppsetningunni að vera lokið og þú getur farið að hringja úr farsímanum þínum með Netsímanum.

# Android

## 1. Veldu símanúmer og lykilorð

Til að setja upp Netsímann á Apple iOS þarftu símanúmer og lykilorð. Þú sækir hvoru tveggja á þjónustuvefnum. Allir viðskiptavinir hafa aðgang.

Fara á [Þjónustuvef Símans](#)

## 2. Sæktu forritið Zoiper

Leiðbeiningarnar sýna hvernig þú setur upp forrit sem heitir Zoiper. Þetta þýðir samt ekki að Síminn mæli með notkun á einhverju einu forriti fram yfir annað. Leiðbeiningarnar er auðveldlega hægt að staðfæra yfir á önnur forrit sem styðja svokallaðan „SIP“-staðal.

[Sækja Zoiper](#)

## 3. Opnaðu forritið

Þegar forritinu hefur verið hlaðið niður þarftu að opna það og velja **Accounts**.

## 4. Veldu Add accounts

Þá sprettur upp gluggi sem biður okkur um að velja **Yes** eða **No** og við þurfum að velja **Yes**. Þá sprettur upp annar gluggi er biður okkur um að velja á milli Select a Provider eða Manual Configuration og við veljum **Manual Configuration**.

## 5. Veldu SIP í Account Type

## 6. Stillingar

Hérna setum við inn stillingarnar fyrir Netsímann:

- Account name: Netsímanúmerið er sett hérna inn.
- Host: tolvusiminn.siminn.is
- Username: Netsímanúmerið.
- Password: Lykilorðið sem sent hafði verið í tölvupósti.
- Þá þarf þú að fara í **Config > Rport > Rport** og taka það af.

Að lokum smellum við á **Save** og þá á Netsíminn að vera tilbúinn til notkunar.